



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

VSÓ Ráðgjöf
Fríða Björg Eðvarðsdóttir,
landslagsarkitekt
Borgartúni 20
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071000053/ksj

Hafnarsvæði Sandgerðisbæjar Suðursvæði, tillaga að deiliskipulagi

Vísað er til erindis frá VSÓ ráðgjöf sem barst þann 05.10. síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi á hafnarsvæði Sandgerðisbæjar Suðursvæði. Tillagan ber yfirskriftina: Hafnarsvæði Sandgerðisbæjar – Suðursvæði og nær yfir 17,2 hektara.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið.

Náttúruminjar

Strandlengja svæðisins sem deiliskipulagstillagan nær yfir er á náttúruminjaskrá (númer 108), en þar segir: “*Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi, Gerðahreppi, Sandgerði (áður Miðneshr.), Gullbringusýslu. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Stafnesi að Rafnkeisstaðabergi, m.a. Sandgerðistjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. (2) Mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávarfjarnir og mikið fuglalíf.*” Mikilvægt er að fjörum verði ekki raskað, og skal þess gætt við lagningu stíga meðfram ströndinni. Í grein 4.15.2 í skipulagsreglugerð segir: “*í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.*” Nú er gert ráð fyrir útivistarsvæði og göngustíg meðfram fjörunni á suðursvæði hafnarsvæðis Sandgerðisbæjar, en ein lóð nær langt að fjörunni. Umhverfisstofnun mælir með að fjarlægð lóðamarka frá ströndinni séu 50 metrar. Að mati Umhverfisstofnunar er aðgengi almennings meðfram ströndinni tryggt með fyrirhuguðum hafnarstígum.

Hafnarsvæði Sandgerðisbæjar Norðursvæði tillaga að deiliskipulagi

Vísað er til erindis frá VSÓ ráðgjöf sem barst þann 05.10. síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi á hafnarsvæði Sandgerðisbæjar. Tillagan ber yfirskriftina: Hafnarsvæði Sandgerðisbæjar – Norðursvæði

Náttúruminjar

Strandlengja svæðisins sem deiliskipulagstillagan nær yfir er á náttúruminjaskrá (númer 108), en þar segir: *“Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi, Gerðahreppi, Sandgerði (áður Miðneshr.), Gullbringusýslu. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Stafnesi að Rafnkelsstaðabergi, m.a. Sandgerðistjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. (2) Mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávartjarnir og mikið fuglalíf.”*

Svæðið sem nefnt er Norðursvæði er 10,4 hektarar og nær yfir sjálfa höfnina í Sandgerði. Fjörinni sem er á Náttúruminjaskrá hefur verið raskað gegnum tíðina með uppfyllingum og hafnarframkvæmdum.

Tekið er fram í greinargerð með deiliskipulagstillögunni að ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum er falli undir viðauka 2 við lög númer 106/2000.

Aðgengi almennings er tryggt með göngustígum við GötuA og sjávarmegin við Hafnargötu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Hafnarsvæði Sandgerðisbæjar Vesturbakki tillaga að deiliskipulagi

Vísað er til erindis frá VSÓ ráðgjöf sem barst þann 05.10. síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi á hafnarsvæði Sandgerðisbæjar. Tillagan ber yfirskriftina: Hafnarsvæði Sandgerðisbæjar – Vesturbakki.

Náttúruminjar


Strandlengja svæðisins sem deiliskipulagstillagan nær yfir er á náttúruminjaskrá (númer 108), en þar segir: “*Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi, Gerðahreppi, Sandgerði (áður Miðneshr.), Gullbringusýslu. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Stafnesi að Rafnkelsstaðabergi, m.a. Sandgerðisjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. (2) Mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávartjarnir og mikið fuglalíf.*”

Svæðið sem nefnt er Vesturbakki er 6,5 hektarar og er staðsett fyrir sunnan sjálfa höfnina í Sandgerði. Fjörinni sem er á Náttúruminjaskrá hefur verið raskað gegnum tíðina með uppfyllingum og öðrum framkvæmdum. Lóðamörk eru nálægt fjörinni, en þar sem aðgengi almennings er tryggt með göngustíg meðfram Sjávarbraut og svæðið er raskað gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við það.

Tekið er fram í greinargerð með deiliskipulagstillögunni að ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdum er falli undir viðauka 2 við lög númer 106/2000.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Helgi Jónsson

Forstöðumaður